



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

VEL2019020022

348. fundur

BM

Lagt fyrir fund velferðarráðs 20. febrúar 2019

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Berglind Magnúsdóttir

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi velferðarráðs 23. janúar 2019*

Á fundi velferðarráðs þann 23. janúar 2019, lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Hvernig er fyrirkomulag máltíða á rauðum dögum og um helgar fyrir eldri borgara sem eiga aðild að þjónustuíbúðum eða annarri þjónustu Reykjavíkurborgar?

Svar:

Þeir sem búa í þjónustuíbúðum á vegum velferðarsvið fá matinn frá framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi á rauðum dögum á sama hátt og aðra daga vikunnar.

Íbúar í Reykjavík sem ekki geta eldað sjálfir hafa kost á að fá fulleldaða máltíð senda heim til sín alla daga vikunnar allt árið. Einnig er hægt að fá hádegisverð alla virka daga á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs.